

Svar

umhverfisráðherra við fyrirspurn Örlygs Hnefils Jónssonar um fjölgun, vistun og flutning opinberra starfa og stofnana.

1. *Hver var fjölgun starfa á vegum ráðuneytisins árin 1991–2000 og hvernig skiptust störfin milli höfuðborgar og landsbyggðar?*

Fjölgun starfa á vegum ráðuneytisins og skipting milli höfuðborgar og landsbyggðar kemur fram í töflunni.

Fjölgun starfa og skipting milli höfuðborgar og landsbyggðar.

	1991	2000	Breyting
Stöðugildi á höfuðborgarsvæðinu	165,56	273,25	107,69
Stöðugildi á landsbyggðinni	35,17	83,21	48,04
Stöðugildi samtals	200,73	356,46	155,73

2. *Hvaða nýju stofnanir voru vistaðar á vegum ráðuneytisins á landsbyggðinni árin 1991–2000 og hvar?*
3. *Hvað hafa fylgt þessum stofnunum mörg ný störf, hvar eru þau vistuð og hvernig skiptast þau milli einstakra kaupstaða og sýslna?*

Um tvær stofnanir er að ræða eins og fram kemur í töflunni.

Nýjar stofnanir á landsbyggðinni, staðsetning og stöðugildi.

	Staðsetning	Stöðugildi
Akureyrarsetur Náttúrufræðistofnunar Íslands	Akureyri	9,7
Stofnun Vilhjálms Stefánssonar	Akureyri	4,33
Samtals		14,03

4. *Hvaða stofnanir voru fluttar á vegum ráðuneytisins frá höfuðborginni til landsbyggðar árin 1991–2000 og hvert?*
5. *Hvað hafa fylgt þessum stofnunum mörg störf, hvar eru þau vistuð og hvernig skiptast þau milli einstakra kaupstaða og sýslna?*

Embætti veiðistjóra var flutt til Akureyrar og Landmælingar Íslands voru fluttar á Akra-nes. Fjöldi starfa sem fylgdu þeim kemur fram í töflunni.

Stofnanir fluttar frá höfuðborginni, staðsetning og stöðugildi.

	Staðsetning	Stöðugildi
Embætti veiðistjóra	Akureyri	3,66
Landmælingar Íslands	Akranesi	31,62
Samtals:		35,28